



**Ársskýrsla
Menntaskóla Borgarfjarðar
árið 2015**

Inngangur

Í ársskýrslu Menntaskóla Borgarfjarðar (MB) er farið yfir helstu þætti skólstarfs á liðnu ári og hvernig til hefur tekist við að ná markmiðum sem skólinn hefur sett sér. Skólaárið 2015 gekk með ágætum. Unnið var að samþykktum námsbrauta í MB sem fengust samþykktar. Áfram var unnið með gæðastarf skólans og verkferlum fylgt eftir. Skólstarfið tók ákveðnum breytingum en starfsdagar nemenda eru nú 180 í stað 184 og annarskil eru um áramót en ekki í janúar. Af öðrum verkefnum má nefna haustdaga skólans en þar var allt skólstarf brotið upp í þrjá daga og afrakstur starfsins dreginn saman í lok vikunnar. Þetta var annað árið í röð sem skólstarfið var brotið upp með slíkum hætti en þróun á þessu uppbroti mun halda áfram. Hér á eftir verður nánar gert grein fyrir framvindu skólstarfsins.

Áherslur og meginsvið

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur leitast við að marka sér sérstöðu á ákveðnum sviðum. Nemendur ljúka stúdentsprófi að jafnaði á þremur árum en skólaárið er 180 starfsdagar nemenda. Formleg annarpróf eru ekki til staðar. Leiðsagnarmat er notað við námsmat í öllum áföngum. Nemendur fá endurgjöf á nám og vinnu á fimm vikna fresti á svokölluðum vörðum. Allir nemendur og kennarar eru með fartölvur og tengdir netinu í skólanum. Skólinn notast við opinn hugbúnað í námi og kennslu.

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna

Menntaskóli Borgarfjarðar er með samning við Borgarbyggð um leigu á 1890 fm húsnæði í Hjálmakletti að Borgarbraut 54, 310 Borgarnesi. Aðstaða skólans nær yfir átta kennslustofur, stjórnunarrými, aðstöðu fyrir kennara, mötuneyti, opin rými og félagsaðstöðu fyrir nemendur. Skólinn hefur aðgang að tónlistar- og ráðstefnusal Borgarbyggðar í sama húsnæði. Íþróttakennsla fer fram í íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi.

Nemendur

Á vorönn 2015 voru 130 nemendur, 61 drengir og 69 stúlkur. Á haustönn 2015 innrituðust 140 nemendur, 62 drengir og 78 stúlkur. Meðaltalsfjöldi nemenda á vorönn og haustönn var 135.

Tafla 1 Fjöldi nemenda eftir kyni

	Vorönn 2015	Haustönn 2015
Fjöldi nemenda	142	140
Stúlkur	69 (53%)	78 (56%)
Drengir	61 (47%)	62 (44%)

Tafla 2 og 3 sýna hvernig nemendur skiptust eftir búsetu og aldri á vor- og haustönn. Flestir nemendur skólans koma úr Borgarbyggð.

Tafla 2 Búseta nemenda

Lögheimili	Vorönn 2015	Haustönn 2015
Borgarbyggð	83%	81%
Vesturland	12%	9%
Utan Vesturlands	5%	9%

Tafla 3 Aldur nemenda

Fæðingarár	Vorönn 2015	Haustönn 2015
2000		4%
1999	7%	26%
1998	21%	21%
1997	23%	21%
1996	22%	9%
1995	5%	2%
1994	6%	3%
Fyrir 1994	15%	14%

Brottfall MB er skilgreint sem það hlutfall nemenda sem hefur nám við skólann í upphafi annar og hættir áður en önn lýkur. Brottfall nemenda skólaárið 2015 var 5,7%. Brottfall samkvæmt áfangalistum var að meðaltali 1,02% á árinu 2015. Nýtingarhlutfall hópa miðað við 25 nemendur í bóklegum greinum og 15 í list- og tölvugreinum var 80%.

Námsframboð og skipting nemenda á brautir er sett fram í töflu 4.

Tafla 4 Námsframboð og skipting nemenda á brautir

Námsframboð	Skipting á brautir á vorönn 2015	Skipting nemenda á brautir á haustönn 2015
Félagsfræðabraut	51	49
Félagsfræðabraut-íþróttasvið	9	13
Náttúrufræðibraut	28	31
Náttúrufræðibraut-íþróttasvið	13	11
náttúrufræðibraut-búfræðisvið	5	7
Framhaldsskólabraut	7	14
Starfsbraut	6	6
Grunnskólabraut	9	4
Opin braut	0	0
Viðbótarnám til stúdentsprófs	2	5
Alls	130	140

Starfsfólk

Við skólann störfuðu alls 26 starfsmenn. Stöðugildi alls voru um 16,5. Við skólann starfa kennarar, skólameistari, aðstoðarskólameistari, fjármálastjóri, umsjónarmaður starfsbrautar, umsjónarmaður dreifnáms (Búðardal) starfaði á vorönn, námsráðgjafi, skólafulltrúi, tölvuumsjónarmaður, stuðningsfulltrúi, matráður, ræstitæknir og húsvörður. Ekki urðu miklar breytingar í starfsmannahópnum en umsjónarmaður dreifnáms í Búðardal lét af störfum þar sem ekki var eftirspurn eftir dreifnáminu. Nýr stuðningsfulltrúi tók til starfa á starfsbraut að hausti auk þess sem einstaka stundakennarar og verktakar störfuðu við MB á árinu.

Tafla 5 Skipting kennarahópsins eftir aldri, kyni og starfshlutfalli árið 2015

Aldur í árum	í Fullu starfi		Í hlutastarfi	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
20-29	0	0	0	0
30-39	1	1	2	1
40-49	2	1	1	2
50-59	0	1	1	2
60-69	0	0	0	1
Samtals	3	3	4	6

Tafla 6 Menntun kennara

Menntun kennara	Fjöldi
PhD próf	3
MA/MSc/MEd	4
BA/BSc/BEd	9

Framkvæmd markmiða

Helstu markmið skólasamnings

Áfram var unnið við að setja endurskoðaðar og nýjar námsbrautir og áfangalýsingar í námskrárgrunninn og fá námsbrautir samþykktar. Markmið skólasamnings var einnig að efla gæði kennslunnar m.a. með að styrkja þekkingu kennara á notkun leiðsagnarmats. Fenginn var fyrirlesari með góða þekkingu á málefnum til að koma á kennarafund og ræða við kennara um notkun og framkvæmd leiðsagnarmats. Árangur var áfram mældur með kennslumati og með gæðagreinum. Skólastjórnendur eru almennt ánægðir með niðurstöður þeirra en þó þarf að vinna með ákveðna þætti. Mikilvægt er að varpa skýrara ljósi á hvað veldur vanlíðan hjá þeim nemendum sem ekki líður nægilega vel í skólanum auk þess sem mikilvægt er að leggja uppí stefnumótandi vinnu þar sem skýrari markmið um skólaþróun og skólastefnu væru tekin fyrir. Endurskoða þarf sérstöðu MB í ljósi þess að flestir framhaldsskólar landsins hafa nú tekið upp þriggja ára nám til stúdentsprófs og aukin áhersla er almennt lögð á leiðsagnarmat á landsvísu.

Endurskoðuð áætlun um sjálfsmats var unnin og einn nýr gæðagreinir innleiddur. Haldnir voru matsfundir um ákveðna þætti í skólastarfinu.

Dreifnám í Búðardal

Samningur við Dalabyggð um rekstur framhaldssdeildar í Búðardal var framlengdur. Átta nemendur stunduðu nám við deildina á vorönn 2015 að meðtöldum nemendum grunnskólans í Búðardal og tveggja skiptinema. Eftirspurn reyndist ekki vera til staðar fyrir haustönn 2015 og var því tekin ákvörðun um að gera hlé á rekstri framhaldsdeildarinnar í Búðardal en staðan skyldi endurskoðuð fyrir haustönn 2016.

Nemendagarðar

Nú er komin reynsla á rekstur nemendagarða fyrir nemendur MB. Reksturinn gengur með ágætum en þó er ákveðin fjárförf til staðar sem unnið verður við að leysa á árinu 2016. Nemendagarðar voru fullnýttir árið 2015 á skólatíma auk þess sem húsnæðið var leigt út til ferðaþjónustuaðila yfir sumartímamann þannig að leigutekjur dattu ekki niður.

Kennsluhættir og námsmat

Kennsla var með hefðbundnum hætti á árinu 2015 en þó hafa verið gerðar nokkrar breytingar. Árlegur starfstími er nú 180 dagar í stað 184 daga og skólaárið skiptist í tvær annir, vor- og haustönn. Kennarar skólans eru vel menntaðir og fastráðnir kennarar eru allir réttindakennarar. Í tengslum við rekstur framhaldsskóladeildar í Búðardal var aðallega notast við google hangout og moodle. Áframhaldandi styrkur fékkst til að halda úti íslenskukennslu fyrir nemendur af erlendum uppruna.

Skólinn bauð upp á nám á tveimur brautum til stúdentsprófs, náttúrufræðibraut og félagsfræðabraut. Nemendur gátu svo valið um ípróttasvið á félagsfræðabraut og náttúrufræðibraut auk búfræðisviðs á náttúrufræðibraut. Skólinn bauð einnig upp á framhaldsskólalabraut og starfsbraut. Að hausti 2015 var brautum breytt að nokkru leyti og boðið uppá nám á þremur brautum til stúdentsprófs, náttúrufræðibraut, félagsfræðabraut og ípróttufræðibraut. Áfram er hægt að velja búfræðisvið á náttúrufræðibraut og á ípróttufræðibraut er hægt að velja annað hvort náttúrufræðibraut eða félagsfræðibraut. Skólinn leggur mikla áherslu á verkefnavinnu og persónuleg tengsl við nemendur.

Námsmat í MB byggist fyrst og fremst á leiðsagnarmati en formleg annarpróf í lok anna eru ekki til staðar. Vinna nemenda er metin jafnóðum allan námstímamann. Megintilgangur leiðsagnarmats er að gera nemendur meðvitaða um það sem þeir læra, hvernig þeir læra og hvað er ætlast til af þeim. Leiðsagnarmat byggist því á góðri endurgjöf frá kennurum sem nemendur geta nýtt sér til að verða meðvitaðir um eigin námsframvindu. Kennari veitir hverjum nemanda um sig almenna umsögn og leiðbeiningar um gengi nemandans í áfanganum á svokölluðum vörðum, eða með öðrum, sambærilegum hætti, án þess að einkunn fylgi með. Vörður eru þrisvar á önn.

Stjórnun

Sama stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar hélt áfram störfum árið 2015, Vífill Karlsson formaður, Sigríður Guðbjörg Bjarnadóttir, Inga Björk Bjarnadóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir. Skólanefnd Menntaskóla Borgarfjarðar skipa sömu einstaklingar og sitja í stjórn skólans en að auki sitja þar fulltrúi foreldra,

Guðrún Vala Elísdóttir, fulltrúi nemenda, Steinþór Logi Arnarsson og fulltrúi kennara, Anna Guðmundsdóttir. Foreldraráð starfar við skólann og var kosin ný stjórn á haustdögum. Í dag skipa foreldráð þær Guðrún Vala Elísdóttir, Hulda Hrönn Sigurðardóttir og Anna Lís Hilmarsdóttir. Nemendafélag skólans skipa frá hausti Steinþór Logi Arnarsson formaður, Þórunna Hlíf Gilbertsdóttir gjaldkeri, Haukur Birgisson ritari, Ágúst Vilberg Jóhannsson skemmtanastjóri og Almar Örn Björnsson meðstjórnandi. Skólaráð skipa auk skólameistara og aðstoðarskólameistara, Steinþór Logi Arnarsson nemandi, Bjarni Þór Traustason kennari og Sigurður Örn Sigurðsson kennari.

Rekstur og fjármál

Tekjur skólans á árinu 2015 stóðu vel undir rekstri og er rekstur skólans í mjög góðu jafnvægi. Vísað er hér í ársreiknings 2015. Aðstaða til náms og kennslu er mjög góð.

Samstarf við aðra

Menntaskóli Borgarfjarðar á í margvíslegu samstarfi bæði við nærsamfélagið, stofnanir og fyrirtæki. Menntaskóli Borgarfjarðar og Fjölbrautaskóli Snæfellinga eru í samstarfi um vistun og þjónustu við kennslukerfið moodle. Menntaskóli Borgarfjarðar er í samstarfi við fyrirtæki í nærsamfélaginu um verknám nemenda á starfsbraut. Héraðsbókasafn Borgarfjarðar þjónustar nemendur skólans mjög vel ásamt því sem lítið safn handbóka og fræðibóka er til í skólanum. Samstarf MB við tvo skóla á Norðurlöndunum, Nils Fredriksson-utbildning í Svedala og Calmare International School í Kalmar í Svíþjóð heldur áfram. Skólarnir skiptast á heimsóknum nemenda og kennara og vinna saman að öflun styrkja til þróunarverkefna í tengslum við heimsóknir skólanna.

Borgarnesi 16. febrúar 2016

Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir